



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Dagsetning  
Málsnúmer

11. júní 2024  
FJR24060015

## Smásala með áfengi

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) samkvæmt [lögum](#). Samkvæmt [áfengislögum](#) hefur ÁTVR einkarétt til að selja áfengi í smásölu. Í lögunum er kveðið á um viðurlög við brotum, auk þess sem undanþágur frá einkaleyfi ÁTVR eru skýrt afmarkaðar. Í þeim er þó ekki mælt fyrir um takmarkanir á innflutningi áfengis til einkanota.

Undanfarið hefur netsala áfengis til neytenda fæst nokkuð í aukana hér á landi, undir því fororði að í þeim viðskiptum felist innflutningur af hálfu neytenda. Þessi þróun hefur orðið tilefni til umræðu í samfélaginu, m.a. í tengslum við markmið laga um að stýra aðgengi að áfengi, draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu og vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis.

Í erindi til fjármála- og efnahagsráðherra frá heilbrigðisráðherra, dags. 5. júní sl., er þróun í áfengissölu sett í samhengi við [lög um landlækni og lýðheilsu](#) og við núverandi [lýðheilsustefnu](#) stjórnvalda. Í því er bent á að með [úrskurðum dags. 18. mars 2022](#) hafi Héraðsdómur Reykjavíkur [vísað frá málum](#) sem ÁTVR höfðaði gegn tveimur seljendum áfengis. Þannig hafi í reynd ekki reynt efnislega fyrir dómstólum á hvort starfsemi ýmissa netverslana með áfengi á Íslandi sé lögmæt.

Starfsemi netverslana með áfengi hefur gefið ráðuneytinu tilefni til að yfirfara lagaumhverfi smásölu með áfengi og nýlega óskaði ráðuneytið eftir meðfylgjandi lögfræðialíti vegna þessa. Í álitinu er gerð grein fyrir gildandi lagaumhverfi og helstu lagaákvæðum sem tengjast smásölu, sem eru á forræði fjármála- og efnahagsráðherra og dómsmálaráðherra, auk ákvæða [EES-samningsins](#). Fram kemur í álitinu að smásala áfengis í gegnum netverslanir, sem fram fer hér á landi á vegum annarra aðila en ÁTVR, kunní í einhverjum tilvikum að vera ólögmæt. Meta þurfi þó í hverju máli hvort sala í gegnum netverslun feli í sér lögmætan innflutning áfengis erlendis frá eða ólögmæta smásölu.

Ráðuneytinu er kunnugt um að ÁTVR hafi kært brot á smásölu áfengis til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í júní 2020. Hins vegar virðist ekki liggja fyrir hvort starfsemi netverslana með áfengi hafi verið tekin til skoðunar í kjölfar þeirrar kæru, m.a. með tilliti til þess hvort slíkar verslanir hafi með höndum innflutning til neytenda eða hvort staðfesta viðkomandi fyrirtækja erlendis sé til málamynda.

Umrædd starfsemi netverslana kann að fela í sér brot á lögum. Í ljósi þess og með vísan til áhrifa sem hún kann að hafa á lýðheilsu vekur ráðuneytið athygli lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á framangreindum álitaeftum.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Fjármála- og efnahagsráðherra